

ÖRNÓLFUR THORSSON

Dómsdagur eða blómaskeið

Erindi á málrættarþingi Íslenskrar málnefndar og MS undir merkjum dags íslenskrar tungu 2005. Efnið var íslensk málstefna og starfsemi Íslenskrar málnefndar. Auk Örnólfs fluttu þar erindi Guðrún Kvaran, Jóhann G. Jóhannsson, Kolbrún Friðriksdóttir og Kristín Ingólfssdóttir. –Ritstj.

Um daginn var viðtal í einhverjum fjölmiðlinum við unga stúlku sem hafði lent í bráðum lífsháska en blessunarlega sloppið heil. Hún var spurð um viðbrögð sín og tilfinningar, hvað farið hefði um hugann þessi augnablik þegar ekkert virtist fram undan nema ferðalagið til himna. Eftir andartakshlé svaraði hún: „Ég hugsaði bara: Sjitt, ég dey.“ Ekki „upp skaltu á kjöl klífa“ eða „eigi skal höggva“ eða „þau tíðkast nú hin breiðu spjótin“ – heldur „sjitt, ég dey“. Mér þótti þessi tillaga að hinstu orðum umhugsunarverð, jafnvel táknræn fyrir þau miklu umskipti sem orðið hafa í allri umræðu um íslenskt mál á síðustu áratugum, og ekki síður þau umskipti sem orðið hafa í allri opinberri umræðu á íslensku máli umliðna áratugi.

Þetta tilsvár hefði að líkindum ekki glatt suma þá dyraverði góðrar íslensku sem kenndu okkur í deildinni fyrir rúmum aldarfjórðungi eða svo; hjá þeim var nemendum ekki heilsað ef þeir sögðu *hæ* og alls ekki kvaddir ef þeir sögðu *bæ*. Raunar er heldur ólíklegt að þetta tilsvár hefði ratað á öldur ljósvakans eða síður dagblaða á þeim tíma. Dyraverðirnir hefðu vísað því í húsagarðinn; húsgerska var það tungutak, minnir mig, sem einna verst var talið, skrilmálið, götumálið var þó fyrir framan húsin, húsgerskan í dimmum bakgörðum. Það voru ekki bara málfræðingar og liðsoddar málrættar sem stóðu vörð um hreint mál, það voru líka dyraverðir á fjölmiðlum sem strikuðu út málvillur og löguðu vitleysur og sjaldgæft að fólk settist niður við hljóðnema eða fyrir framan myndavélar án þess að hafa í höndum nákvæmt handrit. Vísast eru enn einhverjir sem lesa yfir fréttir áður en þær eru sagðar, en nú er, eins og við öll vitum, mikill meirihluti þess efnis, sem berst frá viðtækjum landsmanna, í beinni útsendingu. Og hugmynd Sigurðar Valgeirssonar, vinar míns og samnemanda í íslenskunni, varð því miður aldrei að veruleika. Hann vildi ráða málfarslögreglu í myndver sjónvarpsins og hún vopnuð með kylfu. Þegar villur kæmu úr munnnum þeirra sem væru í beinni útsendingu hlypi mállöggan inn í mynd, bankaði í þann málvillta og leiðrétti villuna.

Hreitungustefnan með sína innbyggðu mállögreglu, málrækt, rétt mál og rangt, nýyrði; sögulegir sigrar í sérhljóðakerfinu þegar flámæli var útrýmt (og þá dettur mér í hug að við ættum kannski að hafa einn dag á ári sem helgaður væri sigrinum á flámælinu), stríðið eilífa við þágufallssýkina sem hét méranir þegar undanhaldið var hafið: reglulegir þættir eins og íslenskt mál og daglegt mál sem var kannski vinsælasti þátturinn í útvarpinu þegar snarpir menn og skemmtilegir sáu um hann; allt þetta hefur vikið til hliðar eða horfið. Síðast þátturinn Íslenskt mál. Og höfuðpáfar íslenskra mennta eru ekki lengur áhrifamenn í opinberri umræðu með boðskap sinn um gott tungutak; það

ríkir ekki lengur agi í hernum heldur almenn lausaganga málnotenda.

Þegar við Mördur Árnason og Svavar Sigmundsson vorum að safna í slangurorðabók fyrir rúmum tuttugu árum ætluðum við upphaflega að sníða verkið að fyrirmynd hefðbundinna bóka af þeim toga, litum t.d. til franskra, danskra og bandarískra slangurbóka. En slangrið í þrengsta skilningi var ekki eins mikið eða burðugt og við hefðum viljað, og sama hvort við röktum garnir úr sjómönnum, íþróttamönnum, hommum og lesbíum, hjúkrunarkonum eða fólki í veröld fíkniefna, eða sátum eilítið skömmustulegir í lestrarsal Landsbókasafns og lásum klámbókmenntir, bókavörðum til nokkurrar furðu: það sem við náðum var mest slettur, slangurlán úr öðrum tungumálum, ensku eða dönsku. Það var lítið af slangri í íslenskum bókmenntum með örfáum undantekningum eins og Vögguvísu Elíasar Marar, sumum bókum Steinars Sigurjónssonar og Einars Kárasonar sem þá var að feta fyrstu skrefin á ritvellingum. Og titill bókarinnar lengdist úr *Slangurorðabók* í *Orðabók um slangur, slettur og annað utangarðsmál*; bókin endaði sem hálfgerð sópdyngja fyrir það tungutak sem ekki mátti prenta í Orðabók Menningarsjóðs, ekki einu sinni með upphrópun eða spurningarmerki.

Sá leikur, sem einkenndi t.d. danskt slangur, var ekki mjög áberandi í því íslenska, frumlegir og gamansamir útúrsnúningar; og það læddist að manni sá grunur að hreintungustefnan bæri kannski einhverja ábyrgð á því, og sú málfræðilega þurrabúð sem Halldór Kiljan Laxness kallaði skólamálfraði og hafði litlar mætur á: þessi óinnblásna reglufesta og kerfishyggja, og ávítandi vísifingur, þessi dálítið leiðinlega leiðréttingastefna hefði bakteríuhreinsað tungutakið eins og gerilsneytt mataræðið meltingarveginn í vestrænum túrista sem fær í magann þegar hann kemur til Asíu: tungumálið fengið uppsölur þegar tökuorð reyndi að smeygja sér inn, kannski niðurgang af slangri.

Sú hreintungustefna sem var talsvert áberandi í opinberri umræðu fyrir tveimur eða þremur áratugum, að maður ekki tali um fjórum eða fimm; það ber ekki mikið á henni núna. Málfræðingarnir eru hættir að vanda um fyrir fólki, þeir líta ekki lengur á sig sem handhafa hins rétta máls, þeir eru meira eins og veðurfræðingar: rýna í stöðuna og reyna að spá fyrir um þróunina: þeir virðast vera hættir að berjast gegn málbreytingum. Og við höfum eignast nokkrar góðar og víðsýnar orðabækur á nýliðnum áratug eða svo, *Íslenska orðabók* í ritstjórn Marðar Árnasonar þar sem meðal annars má finna orðið *sjitt*, að vísu með tveimur spurningarmerkjum, og svo bækur Jóns Hilmars Jónssonar, þá nýjustu fyrir nokkrum dögum, frábær rit til leiðsagnar um málbeitingu.

Íslenskt mál flæðir hömlulaust í fjölmiðlum, í blogginu, msn og því nýja tungutaki sem þroskast hefur í sms-skeytum; enginn Sigurður G. Tómasson eða Mördur Árnason tættir í sig ambögur, geigandi málfar og vitleysur í tungutaki fréttamanna og blaðamanna, stjórnámálamanna eða annarra þátttakenda í opinberri umræðu. Og það taka miklu fleiri þátt í þeirri umræðu en nokkru sinni fyrr; sem auðvitað kann að leiða til verðfalls: orðin eru ekki dýr svo snúið sé út úr Sigfúsi Daðasyni heldur á endalausri útsölu. Og úr því að ég nefni almenna umræðu: bloggið; ég held að nú séu fleiri að tjá sig reglulega í einhvers konar samfelldu rituðu máli en nokkru sinni í okkar löngu og merkilegu bókmenntasögu, ég held jafnvel að við gætum talað um blómaskeið í því sambandi. Og allt fer þetta fram í tungumálinu sem er þannig í sífelldri notkun, sífelldri endurnýjun lífdaganna. Og hvílík gósentíð fyrir málfræðingana sem fást við rannsóknir á nútímaíslensku, að hafa á víðerni Netsins aðgang að svo gríðarmiklu safni dæma um hömlulitla og óformlega beitingu tungumálsins, þurfa ekki bíða eftir því að þessar dagbækur lendi á Þjóðarbókhöðunni: en

þeir þurfa vísast að vera snöggir og vel vakandi því þetta eru skrif í sandinn, heimasíðurnar týna tölunni, tíminn og nýr texti ýtir þessari tjáningu í svartholin.

Auðvitað er margt sem fer í taugarnar á gömlum liðsmönnum úr stríðinu við þágufallssýkina, beygingarvillur, ambögur, vitlausir málshættir og orðtök sem notuð eru án skilnings á uppruna þeirra, og þannig mætti áfram telja, en sá dómsdagur íslenskrar tungu, sem margir óttuðust, hefur ekki runnið upp enn. Íslenskan virðist við sæmilega heilsu þrátt fyrir að varðliðarnir séu ekki lengur á póstum sínum, enginn gæti landamæranna, sletturnar flæði jafnt í óhefðbundnu tungutaki sumra bloggara, viðtölum í dagblöðum og ljósvakamiðlum og síðast en ekki síst í bókmenntum.

Og talandi um bókmenntir: ég held að við eigum margt að þakka þeirri kynslóð sem kölluð var fyndna kynslóðin í bókmenntunum, þeim ágætu höfundum sem tóku til máls á síðasta fjórðungi liðinnar aldar; Péttri Gunnarssyni, Þórarni Eldjárn, Steinunni Sigurðardóttur, Sigurði Pálssyni og fleirum: þessir höfundar áttu allir þátt í því að brjóta einhvern ís, losa bókmenntamálið úr dálítið alvörubrúnum viðjum, lyfta hversdagsmáli; þeir gerðu hljóðláta uppreisn gegn því sem með glannalegum hætti mætti kannski kalla haftastefnu í málfarsefnum. Og það gerði Megas líka á sína vísu.

Ég man eftir umræðum um að íslensk tunga liði undir lok ef almenningi opnaðist aðgangur að enskumælandi sjónvarpsstöðvum, sumir óttuðust jafnvel um íslenska menningu ef hingað bæriskandínávískt sjónvarp. En tæknin hefur smeygt sér fram hjá þeim kínamúrum og varnarlínunum öllum: nú eru engar hömlur lagðar á þá sem vilja bera sig eftir erlendum ljósvakamiðlum. Og börnin sitja við Netið og tölvuleiki á ensku dagana langa í stað þess að lesa þjóðsögur og ævintýri að maður nú ekki nefni Íslendingasögurnar. Ég held raunar að það séu að vaxa upp í landinu kynslóðir sem þokast í áttina að því að vera tvítyngdar, ekki aðeins vígar á móðurmálinu heldur með einhvers konar ensku eða amerísku í blóðinu líka. Kennarar segja mér að afar margir séu orðnir slyngir í ensku þegar formleg kennsla hefst í skólanum.

Og ég held að við ættum að huga vel að sjónarmiðum sem merkilegir málræktarmenn eins og Helgi Hálfðanarson hafa viðrað: að hefja formlega kennslu í ensku mjög snemma á skólagöngu barna, miklu fyrr en nú er gert, og bæta síðan öðrum málum snemma við; ekki bara dönskunni heldur líka frönsku eða þýsku eða spænsku þegar í grunnskóla. Það opnar fólki frá dvergsmáu málsamfélagi ekki aðeins dyr að stórum heimi: ég held að slík kennsla geti styrkt íslenskt mál í sessi, treyst skilning og þekkingu á íslensku málkerfi, dregið á ungum aldri málnotenda markalínu milli íslensku og ensku eða annarra framandi mála. Og eins og við vitum eru engin takmörk fyrir því sem börnin geta lært.

Auðvitað má samt aldrei slaka á kennslu í móðurmálinu; og í reynd er öll kennsla í grunnskóla móðurmálskennsla. En það eru ekki allir á þeirri skoðun í praxís: þau ár sem ég kenndi íslensku með góðum kollegum í Kennaraháskólanum var eilífur slagur milli greina um einingar, ekki síst við hina ráðandi stétt í stofnuninni, uppeldis- og kennslufræðingana. Og í þeirri baráttu varð móðurmálið oft hornreka: fræðingunum fannst það bara eins og hver önnur námsgrein, og jafnvel ekki sú sem hæst bæri að skipa. Ratleikir og aðferðafræði voru mikilvægari en stafsetning og beygingafræði, lífsleiknin í opinni skólastofu brýnni en hljóðfræði og setningafræði. Þessu þarf að breyta.

Ég óttast að kennarar í grunnskólum, sem margir vinna frábært starf án þess að fá mikla umbun, hvorki í launaumslagi eða virðingu, séu sumir ekki nægilega vel búnir undir að takast á við kennslu í móðurmálinu. Sigurður Konráðsson prófessor og við

félagar hans höfðum þann háttinn á í byrjunaráfanga í íslensku að leggja fyrir nemendur próf við upphaf göngunnar. Prófið var málfræðihlutinn af samræmdu prófi í 10. bekk. Og niðurstaðan varð á hverju ári mikið áfall fyrir hina verðandi kennara; býsna margir féllu á þessu námsefni sem þeim var ætlað að miðla; en prófið varð um leið hvetjandi grundvöllur fyrir okkur að dæla málfræðinni í þá. Móðurmálið er nefnilega ekki aðeins kennslugrein, það er atvinnutæki kennarans í öllum greinum. Kennarinn þarf að geta skrifað skammlaust á töfluna þó hann sé að kenna börnunum stærðfræði, sent bréf heim til foreldra um heimsókn í Þjóðminjasafnið án þess að mamman taki upp rauða pennann og færi inn ypsilon og bæti við n-um: og síðast en ekki síst; kennarinn þarf að þroska málvitund og málbeitingu nemenda sinna í öllum kennslustundum, hvort sem viðfangsefnið er Íslandssaga eða náttúruvísindi, íslenskar bókmenntir eða samfélagsfræði.

Einn mikilvægasti hornsteinninn í árangursríkri málstefnu er því að mínum dómi að móðurmál skipi það öndvegi sem því ber í námi verðandi kennara, og það er orðið brýnna en nokkru sinni fyrr, með vaxandi áreiti enskunnar sem virðist vera að leggja undir sig sífellt fleiri svið: verslanir heita upp á ensku, heiti bíómynda eru ekki lengur þýdd í auglýsingum blaðanna, sjónvarpsstöðvarnar allar nema ein eru á sama róli, *Flugleiðir* urðu *Icelandair* og svo *FL Group*. Enda tók hin ágæta hljómsveit *Hundur í óskilum* upp nýtt nafn eftir að hafa leikið á Stuðmannatónleikum í Lundúnum og heitir nú *Hundur í óskilum group*.

Að lokum langar mig til að tala um lestur og bókmenntir. Við erum stolt af samhenginu í bókmenntum okkar, samhenginu í tungumálinu: segjum útlandingum frá því nokkuð rogginn að hvaða barn á Íslandi, sem kann að lesa, geti sest niður með fornsögur og lesið hjálparlaust. Og hvort sem það er nú rétt eða ekki eigum við einstakan hljómbotn í bókmenntum okkar, djúpan og margradða, fullan pott af safaríkum tilvísunum í lifandi máli sem endurspeglar kvæði og sögur, persónur og leikendur frá þúsund ára sögu. Það hlýtur alltaf að vera höfuðstoð íslenskrar málstefnu að hvetja alla, unga og aldna, til að lesa sem mest. Við vitum öll að hefðbundinn bókmenntalestur hefur dregist saman undanfarna áratugi, börnin eru betur læs á tölvur en bækur, tölvuleiki en bókmenntir. Heimur versnandi fer. En kannski ekki jafn hratt og við höldum.

Eftir að Gestur Pálsson rithöfundur hafði lesið löndum sínum pistilinn fyrir ríflega hundrað árum í fyrirlestri um menntunarástandið á Íslandi var haldinn málfundur í Reykjavík þar sem góðborgarar skeggræddu efnið. Þar komu margir í pontu og sýndist afturför á flestum sviðum og fornu gildin höll úr heimi. Meðal þeirra sem þarna töluðu var Jón Bjarnason prestur úr Íslendingabyggðum vestanhafs og sagði m.a.:

En sögulestrinn er hætt. Það er alveg rétt, sem G. P. segir um það: menn lesa ekki sögurnar lengr. Þetta get ég borið um af eigin reynslu. Í mínu ungdæmi voru sögurnar enn lesnar. Nú er það hætt. (...) Það er leitun á unglíngum á fermingaraldri sem þekkja höfuðpersónurnar í Njálu. Svona er nú þetta, og mér dettr ekki í hug að vera að fást um það. Látum sögurnar fara, þegar þær svara ekki lengur kröfum tímans.

Umkvörtunin um að æskulýðurinn sé illa að sér í höfuðpersónum Njálu er sígild. Ef börnin lásu ekki fornsögur fyrir rúmri öld gera þau það enn síður núna. Það er ekki einu sinni hægt að treysta á ömmurnar með sígilt þjóðsagnafóður eins og Andri, söguhetja Péturs Gunnarssonar, víkur einhvers staðar að; Halldór Laxness átti margfróða ömmu

sem sagði honum sögur og kenndi honum kvæði, amma Andra les bara fyrir hann Tarsan úr Vísi. Amma okkar daga er vísast að blogga.

Börnin eru sem betur fer enn að lesa þó þau lesi ekki Njálu og Eglu ótilneydd. Og við eigum að þakka fyrir allan lestur, taka Harry Potter fagnandi, og öllum þeim höfundum sem tekst að magna sagnaseið sem lokkar ungviðið frá tölvuskjám og leikjapinum. Síðasta og kannski veigamesta hornstoðin undir íslenskri málstefnu er lifandi lestur.